

Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Jóhann Pétur Andersen
900 Vestmannaeyjar

2002030021
6000; 9310

Reykjavík, 16. apríl 2002
/--

Efni: Afkastaaukning fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja á Krossanesi, Akureyrarkaupstað. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Ísfélags Vestmannaeyja hf dags. 6. mars 2002, móttakið 14. mars 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt afkastaaukning fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins á Krossanesi, Akureyri samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og 13. lið a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akureyrarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Hollustuverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Akureyrarbæ með bréfi dags. 4. apríl 2002, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 26. mars 2002 og Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 26. mars 2002. Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 5. apríl 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér uppsetningu nýs gufuþurrkara, nýs sjóðara og nýrrar pressu í húsnæði verksmiðjunnar. Uppsetning ofangreindra tækja mun ekki hafa í för með sér breytingar á byggingum verksmiðjunnar. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka afköst verksmiðjunnar um allt að 300 tonn á sólarhring. Í gildandi starfsleyfi er gert ráð fyrir 800 tonna hámarksframleiðslu á sólarhring en meðalafköst verksmiðjunnar á síðastliðnu ári voru rúmlega 700 tonn á sólarhring.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að með uppsetningu nýs gufuþurrkara aukist afköst verksmiðjunnar um 200 tonn á sólarhring og jafnframt verði hægt að þurrka mjölið undir undirþrýstingi og því mögulegt að framleiða hágæðamjöl (LT-mjöl) í þurrkaranum. Fram kemur að með tilkomu nýs sjóðara sé tryggt að ávallt verði hægt að uppfylla kröfur um lágmarkshita í sjóðaranum. Þá muni uppsetning nýrrar pressu auðvelda

verksmiðjunni verulega að vinna fersk hráefni og hafi það í för með sér aukna framleiðslu á hágæðamjöli sem samsvarar um 100 tonnum á sólarhring við bestu aðstæður. Fram kemur að ofangreindar framkvæmdir muni hafa í för með sér bætta nýtingu, hærri gæði og meiri verðmæti afurðanna. Núverandi lyktheydingarþúnaður sé ekki fullnýttur og geti auðveldlega annað þeirri viðbótaruppgufun sem verði við afkastaaukningu verksmiðjunnar. Fram kemur að núverandi mengunarvarnir hvað varðar lýsisgeyma, vinnslu löndunar- og blóðvatns, geymslu hráefnis, frárennsli svo og mælingar á hráefnisgæðum séu í samræmi við ákvæði í gildandi starfsleyfi. Fram kemur að þær breytingar sem fyrirhugaðar séu á núverandi rekstri verksmiðjunnar muni ekki verða til þess að mengun af völdum rekstursins aukist þar sem framleiðslutími muni stytta, unnt verði að vinna stærri hluta hráefnisins ferskan og mjölgæði muni batna. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin eigi ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Akureyrarbæjar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum þar sem hún hafi í för með sér minni mengun frá verksmiðjunni, samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdaraðila. Akureyrarbær óski þó eftir frekari upplýsingum um það hvernig geymslu á óunnu hráefni sé háttað í dag og hvort einhverjar breytingar muni verða þar á með tilkomu þessara breytinga.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í verksmiðjunni á Krossanesi séu nú 3 hráefnistankar og sé hámarksgeymslurými þeirra 5.800 tonn, en miðað við að vinnsla sé í gangi sé hámark hráefnis í geymslum um 4.000 tonn. Það hafi ekki verið og verði ekki stefna framkvæmdaraðila að safna upp miklu hráefni heldur verði reynt að vinna hráefni sem allra ferskast og fá þannig verðmætari afurðir. Loðna, síld og kolmunnur séu eingöngu geymd í þessum lokuðu hráefnistönkum. Fram kemur að fiskúrgangur hafi verið geymdur í lokuðu húsi en að verksmiðjan hafi nú hætt að taka á móti fiskúrgangi nema á þeim tímum sem annað hráefni berist til verksmiðjunnar. Með þessu fyrirkomulagi sé unnt að vinna fiskúrganginn ferskari samhliða öðru hráefni, s.s. síld og loðnu.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Helstu rök séu þau að aukin afköst séu líkleg til að hafa í för með sér aukin umhverfisáhrif og að ríkjandi vindáttir séu óheppilegar gagnvart íbúðarbyggð sunnan Krossaness. Byggð sé að þéttast í næsta nágrenni verksmiðjunnar og þannig verði auknar líkur á hagsmunaárekstrum vegna umhverfisáhrifa verksmiðjunnar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að aukin afköst muni gera verksmiðjunni kleyft að vinna ferskara hráefni en ella. Aukning hámarksafkasta um 300 tonn sé ekki veruleg og reyndar verði verksmiðjan þá komin í sömu afköst og flestar íslenskar fiskmjölsverksmiðjur. Ennfremur verði afkastaaukningunni náð með nýjum tækjum sem uppfylli enn betur kröfur um umhverfisáhrif en gömlu tækin geri. Nýr gufupurrkari vinni t.d. á mun lægra hitastigi en hefðbundinn þurrkari auk þess sem uppgufun frá honum sé tekin í gegnum vaccumdælu og leidd í gegnum 2 þvottaturna áður en uppgufunarloftinu sé brennt í mengunarvarnabúnaðinum.

Þetta hafi í för með sér minna rúmtak lofts en áður. Fram kemur að mengunarvarnabúnaður verksmiðjunnar sé gerður fyrir 35.000 m³ en við 800 tonna afköst hafi verið brenndir í honum um 22.000 m³ þannig að ljóst sé að nægileg umframgeta til brennslu uppgufunarlofts verði fyrir hendi. Samkvæmt niðurstöðum mælinga í júlí 2001 eyði mengunarvarnabúnaðurinn í Krossanesi 98,4 % af þeirri lykt sem sé í uppgufunarloftinu sem að honum sé leitt. Eftir að nýr mengunarvarnabúnaður hafi verið tekinn í notkun í upphafi ársins 2001 hafi nær engar kvartanir borist vegna starfseminnar. Fram kemur að skv. aðalskipulagi Akureyrarbæjar sé gert ráð fyrir verksmiðjunni og starfsemi hennar. Svæðið í næsta nágrenni við verksmiðjuna sé nú skipulagt sem iðnaðarsvæði og aðstaða fyrir olíufélög, auk þess sem þar standi fiskafóðurverksmiðja. Að mati framkvæmdaraðila sé ekkert í starfsemi verksmiðjunnar sem ekki geti farið saman við aðra starfsemi sem fram fari á svæðinu.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram það álit að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Með uppsetningu nýs gufuþurrkara sem þurrki mjöl við lægri hita en eldri þurrkari og núverandi heitloftsþurrkara sé unnt að framleiða hágæðamjöl (LT-mjöl) í verksmiðjunni. Framleiðsla á hágæðamjöli geri miklar kröfur til hráefnis og ýti það undir að vandað sé til þess. Á grundvelli upplýsinga framkvæmdaraðila telji Hollustuvernd ríkisins ekki að umrædd stækkun muni leiða til aukinnar mengunar frá fyrirtækinu þar sem mengunarvarnabúnaðar anni þeirri aukningu sem verði á uppgufunarlofti. Könnun sem gerð hafi verið til að kanna áhrif lyktarmengunar á ýmsum stöðum á Akureyri, eftir uppsetningu búnaðarins sumarið 2000, hafi leitt í ljós að lyktarmengun hafi verið innan ásættanlegra marka. Reynist afkastaukningin leiða til aukinnar lyktarmengunar geti stofnunin krafist frekari hreinsunar og verði sett inn í starfsleyfi ákvæði hvað það varðar. Stofnunin muni fara fram á að framkvæmdaraðili leggi fram gögn sem sýni að hreinsibúnaður anni því aukna loftmagni sem umrædd framleiðsluaukning muni hafa í för með sér. Einnig að framkvæmdaraðili leggi fram gögn um mögulega viðbót við núverandi hreinsibúnað reynist loftmengun frá fyrirtækinu vera yfir ásættanlegum mörkum. Fram kemur að í nógildandi starfsleyfi sé ákvæði um fitugildru á frárennsli frá verksmiðjunni og sé fituskilja í verksmiðjunni sem hreinsi allt frárennsli verksmiðjunnar í dag. Gerð verði krafa í starfsleyfi um að hreinsibúnaður á frárennsli anni þeirri afkastaukningu sem fyrirhuguð sé auk þess sem sett verði losunarmörk á frárennsli. Hollustuvernd ríkisins telur að ekki sé hætta á hávaðamengun í íbúðarbyggð þar sem fyrirtækið sé staðsett í öruggri fjarlægð frá núverandi byggð.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða framkvæmd sem leiðir til afkastaukningar í vinnslu fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja á Krossanesi, Akureyri um allt að 300 tonn á sólarhring, úr 800 tonnum í 1100 tonn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13. a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Með fyrirhuguðum framkvæmdum mun framleiðslutími stytast og unnt verður að vinna hráefni til bræðslu ferskara að stærri hluta en áður. Fyrirhuguð framleiðsla á hágæðamjöli gerir miklar kröfur til hráefnis og ýtir undir að vandað sé til þess. Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að magn hráefnis sem unnið verður til bræðslu í verksmiðjunni aukist, muni uppsetning

nýrra tækja og nýr mengunarvarnarbúnaður draga verulega úr líkum þess að fyrirhuguð afkastaukning leiði til aukinnar mengunar í frárennsli eða útblæstri. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að framkvæmdaraðili leggi fram gögn til Hollustuverndar ríkisins sem sýni að nýr mengunarvarnarbúnaður anni því aukna loftmagni sem fyrirhuguð afkastaaukning hefur í för með sér. Samkvæmt framlögðum gögnum getur Hollustuvernd ríkisins sett ákvæði í starfsleyfi þess efnis að ef fyrirhuguð afkastaaukning leiðir til aukinnar lyktarmengunar geti stofnunin krafist frekari hreinsunar og að hreinsibúnaður á frárennsli anni þeirri afkastaaukningu sem fyrirhuguð sé. Skipulagsstofnun telur af framlögðum gögnum að ekki sé hætt á hávaðamengun í íbúðarbyggð.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að afkastaaukning fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja á Krossanesi, Akureyrarbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun verkur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 16. maí 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Akureyrarbær, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Hollustuvernd ríkisins